

G J A L D S K R Á

fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum.

163
30. jan.

1. gr.

A. Eimkatlar.

Fyrir hvern eftirlitsskyldan eimketil, sem hefir meira en 30 m² hitaflöt, ber að greiða fyrir skoðun kr. 50.00. — Fyrir hvern eftirlitsskyldan eimketil, sem hefir frá 20 til 30 m² hitaflöt, ber að greiða fyrir skoðun kr. 40.00. — Fyrir hvern eftirlitsskyldan eimketil, sem hefir frá 12 til 20 m² hitaflöt, ber að greiða fyrir skoðun kr. 30.00. — Fyrir hvern eftirlitsskyldan eimketil, sem hefir minna en 12 m² hitaflöt, ber að greiða fyrir skoðun kr. 25.00. — Fyrir hvern ketil í brauðgerðarhúsum ber að greiða fyrir skoðun kr. 10.00. — Fyrir hvern suðuketil og reykhítara forketil, svo og yfirhítara, sem ekki er hægt að taka úr sambandi við ketilinn, ber að greiða fyrir skoðun kr. 20.00.

B. Aflvélar.

Fyrir skoðun greiðist fyrir hvert hestafl: eimvélar kr. 0.70, hreifils kr. 0.70, rafhreifils kr. 0.50, vatnshjóls kr. 0.50, vindvélar kr. 0.75. — Fyrir hverja varavél, sem er stærri en 30 hestöfl, ber að greiða kr. 5.00 og fyrir hverja varavél, sem er minni en 30 hestöfl, kr. 2.00. Þó má gjald þetta ekki fara fram úr því, sem gjaldið hefði orðið, miðað við vélina í notkun.

C. Vinnuvélar.

Fyrir hverja algenga vinnuvél í málmiðnaðarverkmiðjum og fyrir ískvarnir greiðist við skoðun kr. 1.75. — Fyrir hverja algenga vinnuvél í bókbandsstofum, mjólkurbúum og fyrir tappa- og hreinsunarvélar í gosdrykkja- verkmiðjum og ölbruggunarhúsum og fyrir vélar í brauðgerðarhúsum og í sætindagerðum, greiðist við skoðun kr. 0.85. — Fyrir hverja algenga vinnuvél í tréiðnaðarverkmiðjum greiðist við skoðun kr. 2.00 — Fyrir hverja algenga vinnuvél í prentsmiðjum greiðist við skoðun kr. 4.00. — Fyrir hverja algenga vinnuvél í ullarverkmiðjum greiðist við skoðun kr. 4.50. — Fyrir hverja algenga vinnuvél í fiskmjöls- og síldarverkmiðjum greiðist við skoðun kr. 5.00. — Fyrir farandvélar greiðist hlutfallslega eftir stærð, eins og fyrir samskonkonar fastavélar. Fyrir aflvélar í farandvélar greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrir aflvélar. — Fyrir allar aðrar vélar greiðist hlutfallslega eftir því, hve margbrotin og stór vélin er, 0.85—5 kr. — Fyrir hverjar 5 vélar, sem knúðar eru frá sömu aflvél, greiðist vegna ása kr. 1.00.

D. Lyftur.

Fyrir hverja fólkslyftu ber að greiða fyrir skoðun kr. 15.00 — Fyrir hverja vörulyftu kr. 10.00. — Fyrir hverja litla vörulyftu (allt að 100 kg.) kr. 8.00.

163

30. jan.

E. Frystivélar.

Fyrir hverja frystivél, sem er allt að 12000 kgal., ber að greiða við skoðun kr. 4.00. — Fyrir hverja frystivél, sem er frá 12000 til 25000 kgal., ber að greiða við skoðun kr. 10.00. — Fyrir hverja frystivél, sem er frá 25000 til 50000 kgal., ber að greiða við skoðun 20.00. — Fyrir hverja frystivél, sem er yfir 50000 kgal., ber að greiða við skoðun kr. 30.00. — Fyrir hjálparvélar við frystun, svo sem vindsnældur og dælur, greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrir vinnuvélar, eftir stærð.

F. Vinnustofur án véla.

Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem: Saumastofur, þvottahús, blikksmiðjur, netjagerðarstofur, seglasaumastofur o. s. frv., ber að greiða við hverja skoðun 7 auru fyrir hvern fermetra gólfplatar. — Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, ber að greiða við hverja skoðun 2 auru fyrir hvern fermetra gólfplatar.

2. gr.

Þó skoðun fari fram oftari en einu sinni á sama ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema þurfi sérstakt ferðalag vegna aukaskoðunar og skal þá greiða fullt gjald fyrir skoðun.

3. gr.

Þegar eftirlitsmönnum er send til umsagnar beiðni um leyfi til að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki (sbr. 4. gr. laganna) skal greiða fyrir slíka umsögn jafnhátt gjald og myndi greitt fyrir skoðun véla þeirra o. fl., sem umsögnin er um.

4. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi gjaldskrá frá 16. febrúar 1929 fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Gjaldskrá þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum 24. 7. maí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.